

## AUGLÝSING

111

26. júní

## um greiðslu sjúkrabóta (dagpeninga).

Ákvæða almannatryggingalaganna um sjúkrabætur, 39.—44. gr., taka gildi 1. júlí n. k. og hefjast greiðslur sjúkradagpeninga væntanlega í lok þess mánaðar.

Réttur til sjúkrabóta er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

1. að umsækjandi sé orðinn fullra 16 ára, ekki yfir 67 ára og njóti ekki örorkubóta samtímis.
2. að umsækjandi hafi greitt að fullu áfallin iðgjöld til tryggingarsjóðs áður en veikindin hófust.
3. að sannað sé með vottorði atvinnurekanda eða á annan fullnægjandi hátt, að umsækjandi hafi hætt störfum á þeim tíma, er læknisvottorð greinir, og kaup hans eða atvinnutekjur fallið niður vegna sjúkleikans að öllu eða mestu leyti.
4. að sannað sé með læknisvottorði, að umsækjandi hafi orðið að hætta störfum vegna sjúkleika, verið fullkomlega óvinnufær a. m. k. 15 daga og, ef hinn sjúki dvelur utan kaupstaða og kauptúna, þar sem læknar starfa, að hann hafi legið rúmfastur samkvæmt fyrirmælum læknis a. m. k. 7 daga samfleytt af þeim tíma, þegar um legu utan sjúkrahúss er að ræða.

Læknar teljast starfandi, auk þess kaupstaðar og kauptúns, þar sem þeir eru búsettir, í kauptúnum þar sem þeir hafa ákveðinn viðtals- og vitjunartíma a. m. k. tvisvar í mánuði. Vottorð tveggja óvilhallra manna nægir sem sönnun þess, að rúmlega utan sjúkrahúss hafi verið óslitin frá þeim tíma, er læknir vottaði upphaf og nauðsyn legunnar.

Launþegar, þ. e. þeir, sem starfa í annarra þjónustu, eiga rétt til sjúkrabóta, ef þeir eru fullkomlega óvinnufærir a. m. k. 15 daga, og greiðast þá dagpeningar frá og með ellefta degi. Þeir, sem stunda eða reka sjálfstæða atvinnu, fá rétt til sjúkrabóta frá og með sjöttu sjúkraviku. Einyrkjar geta þó átt rétt til dagpeninga eftir sama biðtíma og launþegar, ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi, sbr. lög um almannatryggingar, 42. gr. b.

Hámark sjúkrabóta er: Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus, kr. 6.00 á dag á I. verðlagssvæði og kr. 5.00 á II. verðlagssvæði, og fyrir aðra kr. 5.00 á I. verðlagssvæði, en kr. 4.00 á II. verðlagssvæði, auk verðlagsuppbótar. Auk þess greiðast fjölskyldubætur með þremur fyrstu börnum bótaþega undir 16 ára aldri, sem hann hefur á framfæri, enda njóti þau ekki lífeyris. Sjúkrabætur mega þó aldrei fara fram úr  $\frac{3}{4}$  þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum vegna sjúkdómsins. Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, þótt þær hafi unnið utan heimilisins, að maður þeirra geti eigi séð heimilinu farborða.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði telst vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum, og greiðast ekki lengur en 26 vikur á 12 mánuðum. Haldi hinn sjúki þrátt fyrir sjúkleikann kaupí eða atvinnutekjum, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, greiðast sjúkradagpeningar þó aldrei hærrí en svo, að þeir, að viðbættum tekjum, nemi einum fjórða meiru en sjúkrabætur. Sé kaupíð eða tekjurnar hærri greiðast ekki sjúkrabætur.

Ef hinn sjúki dvelur á sjúkrahúsi og á rétt á að Tryggingastofnunin (sjúkrasamslag eða ríkisframfærsla) greiði dvalarkostnaðinn, lækka dagpeningagreiðslur til hans um jafnmikið og ellilífeyrir til einstaklinga fyrir sama tímabil nemur, ef um kvæntan mann er að ræða, ella um  $\frac{4}{5}$  hluta.

**111** Réttur til sjúkrabóta fellur niður, ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu  
28. júní eða öðrum orsökum, sem hinn sjúki sjálfur á sök á. Sjúkrabætur greiðast ekki vegna farsóttá, þegar slíkir sjúkdómar ganga.

Fastir starfsmenn, þ. e. þeir, sem ráðnir eru eða skipaðir til a. m. k. eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu og eiga því ekki rétt til dagpeninga fyrir þann tíma. Sama gildir ef þeir njóta kaupgreiðslu fyrir lengri tíma samkvæmt samningi, sérstökum lögum eða venju í starfsgrein þeirra.

Þeir, sem ætla að sækja um sjúkrabætur, skulu tilkynna Tryggingastofnuninni eða (utan Reykjavíkur) umboðsmanni hennar (eða fulltrúa hans í hreppnum) veikindin með læknisvottorði áður en 10 dagar eru liðnir frá því að sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni. Umsóknir um sjúkrabætur skulu, ef óvinnuhæfnin varir fullan biðtíma, sendar sömu aðilum ásamt tilskildum vottorðum og upplýsingum. Eyðublöð fyrir umsóknir og læknisvottorð fást hjá Tryggingastofnuninni (slysa-tryggingadeild) og utan Reykjavíkur eftir 10. júlí hjá umboðsmönnum, sem gefa nánari upplýsingar.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða þeim, sem veikt hafa fyrir 1. júlí, þá eru veikir og óvinnufærir, og ekki njóta örorkustyrks, sjúkrabætur frá 1. júlí, ef sjúkleiki þeirra hefur hafizt og valdið tekjumissi á síðustu sex mánuðum, enda greiðist dagpeningar þá eigi lengur en þar til liðnar eru 26 vikur auk biðtíma frá því veikindin hófust.

*Tryggingastofnun ríkisins, 28. júní 1947.*

**Haraldur Guðmundsson.**

**112** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð kennara“, útgefin  
26. júní venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1947.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður kennara. Minning Magnúsar Helgasonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 1000.00 króna framlagi frá Sambandi íslenzkra barnakennara og minningargjöfum um Magnús Helgason skólastjóra. Stofnfé sjóðsins er 2000.00 krónur.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir af stofnfé sjóðsins.
- b. 5% af árlegum tekjum SÍB.
- c. Minningargjafir (enda gefi sjóðurinn út minningarspjöld, sem seld verði til ágóða fyrir sjóðinn).
- d. Áheit.
- e. Dánargjafir.
- f. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að berast.